



Alþingi
Erindi nr. P140/1630
komudagur 26.3.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. mars 2012

1112018SA GB
Málalykill: 40

Efni: Umsögn um frv. til br. á sveitarstjórnarlögum, 258. mál

Vísað er til tölvubrúefs frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirfarandi greinum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

11. gr. um fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum.

105. gr. um að ef borgarafundur ályktar að almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram um tiltekið málefni sé sú ályktun bindandi fyrir sveitarstjórnir.

106. gr. um að niðurstöður íbúáþinga skuli leggja fyrir borgarafund ef meiri hluti þátttakenda á íbúáþingi óskar þess.

107. gr. um að almenn atkvæðagreiðsla verði æðsta ákvörðunarvald sveitarfélags, niðurstaða atkvæðagreiðslu verði bindandi fyrir sveitarstjórn og bindandi milli kjörtímabila. Niðurstöðu atkvæðagreiðslu verði þannig aðeins hnekkkt með nýrri atkvæðagreiðslu.

108. gr. um tímasetningu borgarafunda og almennra atkvæðagreiðslna og ákvörðunar- og úrskurðarvald á orðalagi spurningar sem borin er upp í almennri atkvæðagreiðslu.

Afstaða til frumvarpsins

Aðeins er liðið hálf ár frá samþykkt nýrra sveitarstjórnarlaga og mjög lítil reynsla er þar af leiðandi komin á framkvæmd laganna. Við gerð frumvarpsins og umfjöllun um það á Alþingi varð töluverð umræða um flest þeirra atriða sem frumvarpið tekur til. Má nefna að frumvarpsdrög fengu mikla umræðu á landsþingi sambandsins haustið 2010 og fjölmargar sveitarstjórnir sendu jafnframt inn skriflegar umsagnir um málið til innanríkisráðuneytisins og síðar Alþingis.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ganga í veigamiklum atriðum í aðrar áttir en fram hefur komið í umsögnum sveitarfélaga og umræðum á vettvangi sambandsins. Sú niðurstaða sem var staðfest við setningu laganna felur í mörgum tilvikum í sér málamiðlun, svo sem um fjölgun fulltrúa í sveitarstjórnnum og nýmæli í 108. gr. um frumkvæðisrétt íbúa. Hugmyndir þingmanna Hreyfingarinnar um þá miklu fjölgun kjörinna fulltrúa sem lögð er til í frumvarpinu voru ræddar í starfshópi sem vann að gerð frumvarpsins en þær hlutu ekki hljómgrunn og af hálfu sveitarstjórna kom fram mikil andstaða



við svo róttækar breytingar. Einnig má nefna að aldrei kom til álita við gerð frumvarpsins að niðurstaða atkvæðagreiðslna yrði bindandi lengur en út yfirstandandi kjörtímabil sveitarstjórna.

Að áliti sambandsins er framlagning frumvarpsins ótímabær og leggur sambandið áherslu á að reynsla verður að fást af framkvæmd laganna áður en farið verður að huga að breytingum á þeim.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri